

Frumvarp til laga um dánaraðstoð

Góðan dag

Við í Hugarafli erum búin að fara yfir frumvarp til laga um dánaraðstoð og fögnum því að þetta frumvarp sé komið í umræðu.

Við höfum mikinn áhuga á að taka þátt í áframhaldandi umræðum og mótun þessa frumvarps.

Þegar uppi er staðið er þetta alltaf spurning um að fá að taka ákvörðun um eigið líf með mannúð, mannlega reisn og virðingu að leiðarljósi hjá þeim sem að því koma. Okkur finnst frumvarpið mjög almennt og ekki farið út í smáatriði og skilgreiningar um hver myndu geta nýtt sér þjónustuna. Það væri gott að vita hver hindrunin væri fyrir þau sem mættu ekki taka þessa ákvörðun fyrir sjálf sig? Hver mega nýta þjónustuna? Munu geðrænir erfiðleikar koma í veg fyrir það að fólk geti tekið þessa ákvörðun fyrir sig? Sameiginleg reynsla margra Hugaraflsfélaga af heilbrigðiskerfinu hefur verið sú að geðrænar áskoranir skyggi á líkamleg veikindi þegar fólk leitar sér aðstoðar, það er, að oft er ekki hlustað á einstaklingana vegna „stimpilsins“ sem fólk sem gengur í gegnum geðrænar áskoranir fær. Til dæmis, fari tveir einstaklingar til læknis, annar þeirra með sögu um að hafa gengið í gegnum geðrænar áskoranir en hinn ekki, teljum við að það gæti verið líklegra að hlustað sé á þann sem ekki hefur sögu um geðrænar áskoranir og að viðkomandi fengi viðeigandi þjónustu miklu fyrr.

Hlökkum til frekara samstarfs

F.H Hugarafls

Ástríður Eyjólfsdóttir

Frida Adriana Martins

Fjóla Kristín Ólafardóttir

Ninna Karla Katrínar